



Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudaginn 13. ágúst 2024



Annar fundur 67. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, þriðjudaginn 13. ágúst 2024 kl. 12.00.

Mætt voru: Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Bjarni Ákason, Ragnar Lárus Kristjánsson og Sigurborg Kristinsdóttir.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Skýrsla formanns
GBO bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Ákveðinn var að fundartími stjórnar yrði í hádegi fyrsta miðvikudag í mánuði.
 - b. Starfsmannamál
Jón Gunnlaugur Viggósson hefur verið ráðinn inn sem íþróttastjóri HSÍ og er mikil ánægja innan stjórnar HSÍ með þá ráðningu og er hann boðinn velkominn til starfa.
Kjartan og Dagur eru í veikindaleyfi og því hefur starfsemi skrifstofunnar verið erfið í sumar.
 - c. Verkefni sumarsins
Yngri landslið karla og kvenna hafa náð frábærum árangri í sumar og er mikil ánægja með árangurinn hingað til.
3. Staða sjónvarpsmála
GBO og RG röktu stöðu sjónvarpsmála en viðræður hafa verið við aðila í sumar og hafa RG og RS leitt þeir umræður. Ákveðið var að halda áfram þeirri vegferð sem hafin var í fyrra með Símanum. Leitað verður fleiri leiða til að auka umfjöllun. Þá hafa RG og RS einnig verið í sambandi við Sahara sem mun taka yfir sem auglýsingastofa Olís deildarinnar og eru spennandi tillögur þar á borðinu.
4. Skipun nefnda
Ólafur lagði fram skipun dómaranefndar og var hún samþykkt.
5. Breyting á reglugerð
Breyting á reglugerð um handknattleiksmót var samþykkt.
6. Búningamál
RG fær formlega heimild til að ganga frá samningi við nýjan búningaframleiðanda.
7. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari